

Umhverfis-orku- og loftslagsráðuneytið

Reykjavík 9 sept. 2025

Sent á: samradsgatt@samradsgatt.is

Mál nr. S-147/2025

Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.162/2002 um úrvinnslugjald.

Landvernd hefur kynnt sér efni áforma og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri. Í fyrsta lagi vill Landvernd gera athugasemdir við að sjá hvernig stjórn Úrvinnslusjóðs er mynduð í raun í meirihluta þeirra hagsmunaaðila sem þarf einmitt að veita aðhald í þessum efnunum.

Á heimasíðu Úrvinnslusjóðs kemur fram að Umhverfis- orku- og loftslagsráðherra getur í raun óskað eftir því að stjórn Úrvinnslusjóðs geri tillögur um álagningu á tiltekna vörur og það er sömuleiðis á hendi stjórnar að setja fram tillögur að eigin frumkvæði hvaða vörur skuli hafa úrvinnslugjald.

Hér vantar augljóslega armslengdarsjónarmið við borð stjórnar Úrvinnslusjóðs og má þar líkast til benda á hið augljósa svo eitt sé aðeins nefnt að Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi sem á sína talsmenn í stjórn Úrvinnslusjóðs samdi við Úrvinnslusjóð um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna veiðarfæra úr gerviefnum gegn því að veiðarfærin úr þessum efnunum væru undanþegin úrvinnslugjaldi. Það er erfitt að draga aðra ályktun að um sé að ræða of stuttar boðleiðir og Landvernd vill því gagnrýna að það þurfi að verðlauna sérstaklega sérhagsmuni sem ætla má að hafi ríka burði til að standast samfélagslegar skyldur í þessum efnunum eins og öðrum er gert að gera. Þessu verður að breyta við gerð frumvarpsins.

Landvernd vill því hvetja til þess að ekki séu veittar slíkar undanþágur enda má ætla að niðurfelling slíkra gjalda bitni þá á öðrum þeim sem hefur verið gert að greiða Úrvinnslugjald.

Að lokum vill Landvernd minna á að mikil umræða hefur farið fram í Umhverfis og samgöngunefnd um skipun í stjórn Úrvinnslusjóðs þar sem meðal annars var leitast við að gefa fulltrúum samtaka umhverfisverndar og neytendaréttar áheyrnaraðild. Stjórn sjóðsins varð ekki við því og bar fyrir sig lög um skipun í stjórn. Skipaður var samáðshópur úrvinnslusjóðs sem er óviðunandi. Nú er tækifæri til þess að breyta lögum svo að sjónarmið umhverfisverndar og neytendaréttar hafi sæti við borðið í Úrvinnslusjóði.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar
Þorgerður María Þorbjarnardóttir formaður

